

## Umhverfis- og skipulagsráð 7. febrúar 2024

Umhverfis- og skipulagsráð leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur sem vinni drög að verklagsreglum um framkvæmd álagningu gjalda vegna stöðubrota í Reykjavík með áherslu á fræðslu, upplýsingagjöf og góða þjónustu við íbúa. Líta skal til markmiða umferðarlaga um umferðaröryggi með sérstakri áherslu á öryggi þeirra sem nýta virka ferðamáta og annarra viðkvæmra hópa í umferðinni. Tryggja skal jafnræði og gæta þess að sambærileg mál séu meðhöndluð með sambærilegum hætti.

Greinargerð:

Vinna Bílastæðasjóðs við að hafa eftirlit með bifreiðastöðum í borginni er mjög mikilvæg til að tryggja öryggi og aðgengi allra vegfarenda. Á sama tíma er mikilvægt að aðgerðir séu fyrirsjáanlegar og í samræmi við tilefni. Í sumum tilfellum er nokkuð ljóst að um brot er að ræða, líkt og þegar lagt er á gangstétt eða of nærri gangbraut en í öðrum tilfellum ekki. Í anda þjónustustefnu borgarinnar er lagt til að starfshópurinn fari yfir núverandi verklag og geri tillögu að breytingum og viðbótum til að tryggja betri upplifun borgaranna m.a. með betri upplýsingum, fyrirsjáanleika og samræmdri meðhöndlun.